

## 12. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

17. desember 2019, Reykjavík kl. 15:00

Mættir eru: Geir Finnsson (GF), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Una Hildardóttir (UH).

Frá skrifstofu: Sigurður Helgi Birgisson (SHB)

Fundur settur: 15:22

Fundarstjóri: Geir Finnsson (GF)

Fundarritari: Sigurður Helgi Birgisson (SHB)

### Dagskrá:

1. **Fundargerð 11. stjórnarfundar** til samþykktar. Samþykkt.
2. **Frá skrifstofu:**
  - 2.1. Æskulýðsráð. SHB hefur sótt seinustu fundi. Verið að ráða verkefnastjóra til að skipuleggja ráðstefnu. Eftir að ákveða dagsetningu og móta betur feril fyrir stefnu. SÞF skipuð sem aðalmaður í Æskulýðssjóð. Umræða um æskulýðssjóð, vanhæfisreglur og skýrari umgjörð.
  - 2.2. Kynning á LUF fyrir fulltrúaráði LÍS.
  - 2.3. NORA og líffræðileg fjölbreytni. Elva Hrönn sendi styrkumsókn sem var samþykkt. Vinnustofa áætluð í febrúar. Vantar aðila til að taka að sér skipulagningu.
  - 2.4. Hugverkastofan/Einkaleyfastofan - staða einkaleyfis.
3. **Samningur LUF og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins**
  - 3.1. Beiðni um endurskoðun samningsákvæðis um fjárframlag 2020. Var send í byrjun desember og er til afgreiðslu í ráðuneytinu. Í beiðninni er farið fram á töluverða hækkun á framlagi. Rekstur félagsins er umfangsmeiri en áður á sama tíma og starfsmannakostnaður hefur hækkað töluvert. Félagið er nú að halda úti fjölda verkefna sem krefjast þess að reksturinn sé stöðugur og líði ekki fyrir breyttar aðstæður.
4. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið**
  - 4.1. Samningur undirritaður.
  - 4.2. Skyldur LUF skv. Samningi.
    - 4.2.1. Reglulegir fundir.
    - 4.2.2. Gögn til að rýna. Kjörið tækifæri að nýta fulltrúaráðsfundi til að rýna gögn þegar svo ber undir til að fá sem flest álit. Ráðuneytið mun biðja LUF um umsagnir um þau frumvörp sem eru til vinnslu.
    - 4.2.3. Tillögur til að tryggja samráð stjórnvalda við ungt fólk.
5. **Alþjóðamál:**
  - 5.1. Sendinefnd LUF hjá SÞ.
    - 5.1.1. Bréf til forsætisráðuneytisins sent og samþykkt. Kosning fulltrúa á sviði sjálfbærrar þróunar sem sækir HLPF.
      - 5.1.1.1. Ásta Bjarnadóttir bað um fund um samstarfið 8. jan kl. 13. Leggjum upp með að GF, SHB og UH mæti.

- 5.1.2. Loftslagsráðstefnan COP25 í Madrid. Aðalbjörg stóð sig vel og sótti alla þá viðburði sem hún gat á þessum tveimur vikum. Hún flutti erindi á sameiginlegum viðburi ungmennafulltrúa Norðurlandanna, "Taking the Lead", þar sem ungmennafulltrúarnir hittu stjórnámamenn Norðurlandanna og afhentu þeim [kröfubréf](#).
- 5.1.3. Skipunartími ungmennafulltrúa á sviði mannréttinda og loftslagsmála. Munum kjósa á sambandsþingi um fulltrúa á HLPF. Stefnum á að færa kjörið yfir á sambandsþing svo á sambandsþingi 2021 verði kosið um alla fulltrúana.
- 5.1.4. Beiðni um skipun fleiri fulltrúa. Á sviði menntamála og mannréttinda (ECOSOC Youth Forum), Sendum beiðni til mennta- og menningarmálaráðuneytið um ungmennafulltrúa á ECOSOC.
- 5.2. YFJ Strategic Meeting. SÞF fór út fyrir hönd LUF.
- 5.3. Nordic Youth Summit on Social Inclusion 6-8. November, Stockholm. SÞF og GF fóru út fyrir hönd LUF. GF segir frá ráðstefnunni. GF kynnti skýrslu um félagslega samlögun (e. Social inclusion) á Íslandi á ráðstefnunni og gekk vel. Vinnan í kjölfarið var gerð skýrslu til að bæta samfélagslega stöðu ungs fólks. Skilaboðum um stöðu LUF komið áleiðis. Sóttu sambandsþing LSU (systrasamtök LUF í Svíþjóð) sem sérstakir heiðursgestir.
- 5.4. YFJ COMEM 22-23 nóvember. SÞF fór fyrir LUF.
- 5.5. Rut fór til Strasbourg á AC fund. Youth strategy samþykkt. Farið yfir áherslur fyrir 2030.
- 5.6. Fundur með forsætisráðherrum norðurlandanna. Una fór út fyrir LUF.
- 5.7. Uppfærð reglugerð Alþjóðanefndar. Munum leggja hana fyrir sambandsþing til samþykktar.
- 6. Styrkumsóknir til upplýsinga:**
  - 6.1. Íslandsbanki 1. október: Sótt um fyrir Leiðtogaskólanum 2020 - umsókn var hafnað.
  - 6.2. Landsbankinn 4. október: Leiðtogaskóli LUF 2020 (sótt um styrk fyrir 1.000.000 kr.). Umsókn var hafnað.
  - 6.3. Æskulýðssjóður 15. október: Stjórnmalaskóli LUF (sótt um fyrir 700.000 kr.) og Skuggaþing (sótt um fyrir 3.100.000 kr.). Ekkert svar borist enn.
- 7. 4. Fulltrúaráðsfundur.**
  - 7.1. Dagsetning í janúar.
    - 7.1.1. Miðvikudagur 22. janúar 2020.
    - 7.1.2. Dagskrá - undirbúningur fyrir sambandsþing.
- 8. Næsti stjórnarfundur.**
  - 8.1. Ef ekkert breytist verður hann fimmtudaginn 9. janúar (kl. 15).
- 9. Önnur mál**

*Fundi slitið 16:42.*

*Fundargerð ritaði Sigurður Helgi Birgisson*